

Ágætu ráðstefnugestir.

Landssamtökin Þroskahjálpar eru mannréttindasamtök sem berjast fyrir jöfnum tækifærum og viðeigandi stuðningi fyrir fatlað fólk til þátttöku í samfélaginu til jafn við aðra á öllum sviðum samfélagsins. Samtökin leggja sérstaka áherslu á réttindi fatlaðra barna og réttindi fullorðinna með þroskahömlun og skyldar fatlandir.

Það hefur ekki farið framhjá nokkurri manneskju að á undanförunum árum hefur fólki af erlendum uppruna sem búsett er á Íslandi fjölgað mjög mikið. Í því ljósi er mikilvægt að átta sig á því að í þeim hópi eru að sjálfsgöðu fötluð og langveik börn sem þurfa stuðning. Það er augljóslega hættu á því að þessi börn fari á mis við stuðning og þjónustu sem þau þurfa á að halda og eiga rétt á vegna þess að foreldrar og aðrir aðstandendur þekkja ekki þjónustukerfið og fá ekki nauðsynlega leiðbeiningu til að sækja þá þjónustu og ráðgjöf sem þeir og börn þeirra eiga rétt á að fá og skilja stundum ekki leiðbeiningar sem þau fá.

Samtökin fengu styrk úr Þróunarsjóðs innflytjendamála árið 2018 til að kortleggja stöðu fatlaðra barna með innflytjendabakgrunn og útbúa kynningarefni fyrir foreldra fatlaðra barna með innflytjenda bakgrunn um réttindi og þjónustu og hvaða aðstoð, úrræði og ráðgjöf stendur til boða.

Friðrik Sigurðsson verkefnisstjóri samtakanna hefur haldið utan um verkefnið en þessi ráðstefna í dag er ein af afurðum þess. Við kölluðum að borðinu aðila sem bera ábyrgð þjónustu við fötluð og langveik börn og fulltrúa félagasamtaka sem láta sig málefni barna varða. Þessi hópur hefur síðan funda reglulega og farið yfir og kortlagt stöðu fatlaðra barna með innflytjendabakgrunn.

Hafinn er undirbúningur að gerð fræðsluefnis sem verður í formi „teiknimynda“ sem einfalt er að tala inn á á mismunandi tungumálum. Ef vel tekst til við gerð þessara myndbanda er það von þroskahjálpar að stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga sem bera ábyrgð á þjónustu við fötluð börn af erlendum uppruna og aðstandendur þeirra nýti þau og láti búa til fleiri myndbönd þar sem tekið verður á ýmsu sem ekki er hægt að gera fyrir það fé sem þroskahjálpar hefur til ráðstöfunar.

Þörfin er ærin, skylda stjórnvalda ljós og mjög mikilsverð mannréttindi og tækifæri afar berskjaldaðra barna í húfi.

Þessi ráðstefna hér í dag er mjög mikilvæg til að varpa ljósi á stöðuna í dag. Við fengum til liðs við okkur Berit Berg, sem er mjög virtur norskur fræðimaður sem hefur mikið rannsakað stöðu og þarfir fatlaðra barna af erlendum uppruna í Noregi. Augljóst er að mjög mikilvægt er fyrir okkur að læra af því sem vel hefur gengið hjá nágrannaþjóðum okkar sem hafa mun lengri sögu en við gagnvart því að taka á móti fólki af erlendum uppruna og ekki síður að forðast það sem illa hefur reynst. – Það má ekki vera umburaðrlydni hér gagnvart skeytingarleysi, áhugaleysi, óvönduðum vinnubrögðum og mistökum sem má komast hjá. – Til þess er allt of mikið í húfi gagnvart þeim berskjölduðum börnum sem í hlut eiga og til þess að samfélagið okkar geti með réttu kennt sig við mannréttindi og jöfn tækifæri. – Án mismununar á grundvelli fötlunar og án mismununar á grundvelli uppruna.

Ég vil því að lokum brýna íslensk stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga, stjórnámálamenn og síðast en ekki síst ráðherra til að hafa í huga við alla reglusetningu, stefnumótun og áætlanagerð að það er alls ekki nóg að búa til almennar stefnur, t.d. í barnaverndarmálum, geðheilbrigðismálum, skólumálum o.s.frv. Það þarf að tilgreina sérstaklega þá hópa barna sem eru í viðkvæmastri stöðu og mestri hættu á því að fara á mis við þá þjónustu sem þau eiga rétt á.

Það er gríðarlega mikilvægt að enginn sé skilinn eftir en það er einmitt rauði þráðurinn í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins,

jarðarinnar og hagsældar og íslensk stjórnvöld hafa lýst yfir og lofað þjóðinni að þau muni hafa að leiðarljósi og framfylgja af einlægni, metnaði og ábyrgð.

Það eru góð orð en hér á það við eins og endranær að orð eru til alls fyrst en verkin verða að fylgja. -  
Og stjórnvöld eiga að vera og verða dæmd af verkum sínum.